

Siglufirði 13. júlí 2020

Vegna máls nr. 2005056

Berist skipulags- og umhverfisnefnd.

Ágætu nefndarmeðlimir.

Í ljósi afgreiðslu nefndarinnar 8. júní á erindi okkar eigenda að Hafnartúni 8 og 10 viljum við benda á að einhvers miskilnings virðist hafa gætt í umfjöllun nefndarinnar. Það sem við erum að fara fram á er að bæjaryfirvöld grípi til aðgerða sem hindra það að vatn leiti inn á umræddar lóðir en ekki að farið verði í framkvæmdir innan lóðamarka.

Það er ljóst að snjórinn sem snjóruðningstæki ryðja inn á óbyggðasvæðið fyrir ofan umræddar lóðir er aðal ástæða vandans sem við íbúarnir þurfum að glíma við. Vandinn telst því að stórum hluta af mannavöldum.

Það væri því lausn á vandanum ef hætt yrði að ryðja snjó af Laugarvegi inn á umrætt svæði og honum þess í stað keyrt burt. Önnur lausn gæti falist í því að grafa dreanskurð á óbyggða svæðinu neðan við snjóskaflinn sem snjóruðningstækin ryðja upp, sem tæki við vatninu þegar skaflinn bráðnar.

Hvoru tveggja eru þetta lausnir sem eru utan lóðamarka teljast því almennar fyrirbyggjandi aðgerðir af hálfu sveitarfélagsins.

Við óskum því eftir að nefndin fjalli um þetta erindi að nýju með réttar forsendur í huga og leggi til lausnir til úrbóta.

Fyrir hönd eigenda að Hafnartúni 8 og 10

Sóley Reynisdóttir

